

## Umsögn

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### **Efni: Viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots**

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið taki til umsagnar tillögu sviðstjóra velferðarsviðs um viðbótarfjármagn vegna samnings við Rótina um rekstur Konukots, neyðarskýlis fyrir húsnæðislausar konur, vegna breytingar á starfsmati sem leiddi til launahækkunar. Í tillögunni er lagt til að samningsupphæð á ári verði aukin um 8,5 m.kr. vegna breytinga á starfsmati starfsfólks í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, en niðurstöður starfsmats hafa leitt til hækkunar á launakostnaði Konukots sem ekki var fyrir séður. Samkvæmt tillögu velferðarsviðs verði hækkunin afturvirk til 28.4.2022 og nema viðbótarútgjöldin því samtals 14,2 m.kr. sem skiptast með eftirfarandi hætti:

- 1) 5.700.000 vegna ársins 2022, eða frá og með 28.04.2022 þegar starfsmatið var samþykkt.
- 2) 8.500.000 vegna ársins 2023.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið gögn málsins og gerir ekki athugasemdir við framangreint kostnaðarmat.

Samtals greiðir Reykjavíkurborg þjónustusala 11.865.806 kr. á mánuði á tímabilinu frá 1. maí 2022 til 1. október 2023. Í fjárhagsramma velferðarsviðs vegna 2022 var fjárheimild vegna Konukots 97.941.103 kr. og hafði verið hækkuð um rúmar 4 m.kr. frá fyrra ári. Óskað var eftir viðbótarfjármagni í janúar 2022 til að mæta launabreytingum og var samþykkt að hækka rammann um 24.558.897 kr. sem gerir í heildina 122.500.000 kr. fyrir árið 2022. Fjárhagsrammi velferðarsviðs vegna Konukots fyrir árið 2023 er 128.899.000 kr, sem er 6.400.000 kr. hærri en endanlegur fjárhagsrammi 2022.

Í gögnum málsins kemur fram að Rótin hefur óskað eftir því að gerður verði viðaukasamningur milli samningsaðila sem tekur á ofangreindum breytingum á starfsmati. Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með því að slíkur samningur verði undirbúinn og lagður fram í borgarráði. Viðauki við fjárhagsáætlun 2023 verði undirbúinn með hliðsjón af niðurstöðu borgaráðs.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið



## VIÐAUKI

við samning um rekstur Konukots, Eskihlíð 2-4, 105 Reykjavík.

Þann 1. október 2020 gerðu velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Rótin, um velferð og lífsgæði kvenna, kt. 500513-0470, með sér samning um rekstur Konukots, Eskihlíð 2-4. Gildistími samningsins er frá 1. október 2020 til 1. október 2023. Þann 8. desember 2021 var gerður viðauki við samninginn er varðaði breytingar á 1. og 5. gr. samningsins.

Af hálfu samningsaðila eru hér með samþykktar eftirfarandi breytingar á greiðslum samkvæmt 5. gr. til að mæta breytingum á starfsmati sem leiddi til launahækkana:

*Samtals greiðir þjónustukaupi þjónustusala 11.865.806 kr. á mánuði á tímabilinu frá 1. maí 2022 til 1. október 2023.*

Önnur ákvæði samningsins halda gildi sínu og eru óbreytt.

Viðauki þessi er í tveimur eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík, 10. febrúar 2023

F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Rótarinnar

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri

Kristín I. Pálsdóttir, framkvæmdastýra